

26. Fulltrúaping

Sjúkraliðafélags Íslands, haldið 12. maí, 2017

kl. 10.00, að Grensásvegi 16

Dagskrá:

1. Þingsetning:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands SLFÍ bauð gesti velkomna og setti 26. fulltrúaping SLFÍ.

[\(Sjá fylgiskjal 1\)](#)

2. Nafnakall þingfulltrúa:

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, formaður kjörstjórnar viðhafði nafnakall.

3. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara:

Kristín Á. Guðmundsdóttir lagði fram tillögu stjórnar um að forsetar þingsins verði þær Kristín Ólafsdóttir (RVKD) og Marín Jónsdóttir (DSNE). Einnig að ritarar þingsins verði þær Sigurlaug Hrafnkelsdóttir og Jakobína Rut Daníelsdóttir (RVKD). Þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.

4. Lýst formannskjöri:

Á ekki við í ár.

5. Kosið í starfsnefndir þingsins:

Myndaðar 6 starfsnefndir: Laganefnd í fyrirsvari Guðrún E. Björnsdóttir, Menntanefnd í fyrirsvari Jakobína Rut Daníelsdóttir. Uppstillingarnefnd, í fyrirsvari Jóhanna Traustadóttir. Orlofsnefnd, í fyrirsvari Úlfheiður K. Ingvarsdóttir. Velferðarnefnd í fyrirsvari Jóna Jóhanna Sveinsdóttir. Kjaranefnd, í fyrirsvari Kristín Ólafsdóttir.

6. Skýrsla formanns:

Kristín Á. Guðmundsdóttir (KÁG) flutti skýrslu formanns. Prentuð skýrsla liggur frammi.

[Sjá fylgiskjal 2](#)

Kristín fór yfir liðið ár, m.a. 50 ára afmæli félagsins, EPN ráðstefnuna og keppnina á vegum Verkiðnar og talaði um hve vel hafi tekist til.

Kristín greindi einnig frá uppfærslu stofnanasamninga og útgáfu bókar um sögu stéttarinnar. Aðalþing Evrópusambands sjúkraliða, EPN og ráðstefnu sem haldin var í tengslum við hana dagana 31.maí til 1.júní 2016. Starfsmenntasjóður kemur alfarið yfir til SLFÍ og Starfsmenntasjóður BSRB lagður niður. Samið var um að fulltrúar fjármálaráðuneytisins komi inn í stjórn sjóðsins. Enn hefur ekki bólað á að fjármálaráðuneytið skipi fulltrúa í stjórn og það fjármagn sem átti að fylgja breytingunni hefur ekki skilað sér ennþá. Hún benti á útdrátt úr skýrslum félagsdeildanna og vísar félagsmönnum á að hægt sé að lesa nánar skýrslurnar á netinu. KÁG fór yfir menntamálin, hvað varðar Framvegis og símenntun. Aðild félagsins að bandalögum eins og EPN.

Forseti gaf orðið laust um skýrslu formanns. Engin kvaddi sér hljóðs. Skýrslan borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar með skýringum gjaldkera og lagðir fram endurskoðaðir reikningar orlofssjóðs, með skýringum framkvæmdastjóra SLFÍ

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Jóna fór yfir tekjur og gjöld rekstarreiknings ársins 2016. Fór sundurliðað í gegnum tekjur og gjöld og rekstur félagsins. Gerði grein fyrir að rekstrarkostnaður væri hærri vegna afmælisráðstefnunnar. Fór einnig yfir sjóðsstreymi félagsins. Ávöxtun verðbréfa er hærri en árið á undan. Forseti gaf orðið laust um reikningana, nokkrar spurningar úr sal.

Gengið til atkvæða. Reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ og starfsmaður stjórnar Orlofssjóðs tók við og lagði fram reikninga orlofssjóðs fyrir hönd orlofsnefndar. Farið var yfir að örlítið meiri kostnaður væri v. viðhalds 2016 en árið á undan. Afgangur var af rekstri ársins, um 24 milljónir. Orlofsnefndin leggur til kaup á eign á árinu 2017 félagsmönnum til góða. Fasteignagjöld og lóðaleiga lækkar á milli ára, í Kiðjabergi eru tvö orlofshús og ein lóð. Viðhald og viðgerðir. Munaðarnes, eldhús lagað í Úthlíð. Orlofssjóður er traustur. Umræður um Wifi í bústaðina. Forseti gaf orðið laust um reikningana, engar spurningar úr sal. Gengið til atkvæða. Reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Hlé var gert á fundinum þ.s. Ögmundur Jónasson óskaði eftir að fá að ávarpa þingfulltrúa og var hann boðinn velkominn kl. 10.50. Hann fjallaði um fyrirhugaðan fund í lðnó (13.maí) um aðstoð við aldrað fólk í heimahúsum. Vaxandi fjöldi aldraðra er í borginni og þjónusta við þá skert. Ögmundur óskar eftir stuðningi sjúkraliða til að mæta og veita málefnum lið. Kjaramál fyrir sjúkraliða. Fjölga í heilbrigðisstéttum og hlúa að öldruðum í íslensku samfélagi. Þróun er sú að aldraðir dvelji lengur heima og aðstandendur sinna foreldrum sínum í auknum mæli og þurfa að fara heim úr vinnu. Sjúkraliðar hvattir til að mæta í lðnó, daginn eftir kl.12.00.

8. Lagabreytingar:

Lagabreytingar, Guðrún E. Björnsdóttir kynnti tillögu stjórnar að lagabreytingum. Lagt til að verði deild lögð niður þá muni fjármunir viðkomandi deildar renna til SLFÍ. Tillagan kom upphaflega frá Vesturlandsdeild vegna kröfu skattayfirvalda. Tillaga er um nýja grein og númer greina sem koma á eftir færast upp í takt við breytinguna. Greinin er svohljóðandi :

14. gr. Komi til þess að deild leggist af skulu fjármunir sem í eigu hennar eru ganga til SLFÍ. Tillagan var rædd og síðan borin undir atkvæði og samþykkt.

9. Kosning til stjórnar. [Sjá fylgiskjal 3](#)

Kosið er til embættis varaformanns, ritara og gjaldkera. Jóhanna Traustadóttir kynnti tillögur uppstillingarnefndar. Önnur framboð bárust ekki og var tillagan samþykkt.

Hlé var gert á dagskrá þingsins vegna hópavinnu.

Unnið var í hópum þar sem fjallað var um atvinnu og heilbrigðismál, jafnréttismál, kjaramál, lífeyrismál, menntamál, vinnuvernd, 20 mín.

10 Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara:

Jóhanna Traustadóttir kynnr tillögur uppstillingarnefndar, önnur framboð bárust ekki og tillagan var samþykkt.

11 Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar SLFÍ næsta starfsár, og fjárhagsáætlun fyrir orlofssjóð:

Jóna J. Sveinsdóttir kynnr tillögu um félagsgjöld fyrir næsta starfsár fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga og var hún samþykkt. Næst fór hún yfir fjárhagsáætlunina og Hafdís Dögg og Guðbjörg Sigurðardóttir spurðu út í kostnað varðandi rekstur skrifstofu sem Jóna útskýrði. Fjárhagsáætlun 2017, samþykkt.

Gunnar Örn Gunnarson kynnti fjárhagsáætlun Orlofssjóðs. Flestar eignir eru í góðu ásigkomulagi. Viðhald er framundan, íbúðakaup á Akureyri. Íbúðaverð fer almennt hækkandi. Augastaður er á húsi við Hlíðarfjall. Félagsmenn bentu á að netsamband sé æskilegt. Fjárhagsáætlun orlofssjóðs samþykkt.

12 Tillögur, ályktanir, mál og nefndaálit tekin til umræðu og afgreiðslu.

Starfsnefndir þingsins fjölluðu um drög að ályktunum sem lágu fyrir þinginu

Laganefnd: Guðrún Elín gerir grein fyrir umræðu í starfsnefndinni. Breytingatillögur að ályktun hópsins voru samþykktar.

Orlofsnefnd: Úlfheiður K. Ingvarsdóttir greindi frá almennri ánægju með það sem er í boði fyrir félagsmenn.

Nefndi að nefndin hefði komið með hugmynd um að kaupa íbúð í Póllandi, Ungverjalandi eða Búlgaríu. Festa kaup á húseignum erlendis og umræður spruttu upp um kaup á eign innanlands. Birna Ólafsdóttir kom með tillögu um að festa kaup á heilsárs húsi sem hægt er að sækja allt árið. Þar sem samgöngur eru góðar. Skiptar skoðanir um hvar eigi að festa kaup, staðsetning og gott aðgengi æskilegt.

Hádegisverður – hlé.

Lífeyrismál

Kl.13.30 kom Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR og kynnti breytingar á A deildinni. Fyrirlestur – sjá glærusett í viðauka. Haukur fjallaði um þær breytingar sem samþykktar voru í desember 2016 á Alþingi. Haukur fór yfir hvaða breytingar gera þurfti á sjóðnum í framhaldi vegna lagabreytinganna. Haukur rakti aðdragandann að jöfnuninni á lífeyrissjóðnum milli opinbera markaðarins og almenna.

Framhald á 12. lið dagskrárinnar

Ályktanir

Fulltrúar þingnefnda héldu áfram að fara yfir þau drög sem verði höfði til meðferðar hjá nefndunum.

Kjaranefnd: Kristín Ólafsdóttir gerði grein fyrir umræðunni í starfsnefndinni fór yfir drögin að ályktun hópsins.

Menntanefnd: Birna Ólafsdóttir gerði grein fyrir umræðunni í starfsnefndinni fór yfir drögin að ályktun hópsins.

Uppstillingarnefnd, Jóhanna Traustadóttir fór yfir umræðuna í hópnum.

Velferðarnefnd: Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gerði grein fyrir umræðunni í hópnum.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, formaður Velferðarnefndar fór yfir tillögur stjórnar að ályktunum þingsins. Fyrst var fjallað um ályktun um einkavæðingu og var hún samþykkt óbreytt. Næst var fjallað um ályktun um fjársvelti heilbrigðisstofnana og hún var samþykkt óbreytt eftir lítilsháttar umræður um orðalag. Ályktanir um húsnæðismál og aðgerðir í húsnæðismálum. Samþykkt með lítilsháttar breytingum.

Ályktun um lífeyrismál, samþykkt samhljóða.

Ályktun um styttingu vinnuvikunnar samþykkt samhljóða.

[Sjá fylgiskjal](#)

Stefna félagsins

Þá var tekin til afgreiðslu drög sem lágu fyrir þinginu að stefnu félagsins. [Sjá fylgiskjal](#)
Drögin lögð fram til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

13 Kosning fastanefnda

Jóhanna Traustadóttir, formaður uppstillingarnefndar fór yfir tillögur nefndarinnar.

Kallað var eftir tillögum úr sal en engar bærust. Tillaga nefndarinnar samþykkt einróma.

Sjá fylgiskjal

14 Kjaramál:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins fór yfir stöðuna í kjaramálum. Erfiðlega gekk að vinna að öllum þeim stofnanasamningum sem klára þurfti fyrir júní 2016. Mörgum lauk ekki fyrr en á árinu 2017 með afturvirkni. Enn eru nokkrir stofnanasamningar eftir, sem verið er að vinna í. Mikil vinna var í að klára starfsmatssamning við Reykjavíkurborg. Ekki sá fyrir endann á honum fyrr en á árinu 2017.

Mikil vinna er framundan til undirbúnings fyrir næstu kjarasamninga, en kjarasamningar verða lausir í mars árið 2019.

Vinna þarf með trúnaðarmannaráðinu nýjar áherslur í kröfugerð félagsins.

15 Önnur mál:

Birna Ólafsdóttir, formaður fræðslunefndar kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál . Hún vildi koma á framfæri þakklæti til Jakobínu Eyglóar Benediktsdóttur fyrir framlag hennar til fræðslumála og vinnu í fræðslunefndinni. Þess má geta að Jakobína Eygló er að hætta í fræðslunefndinni.

Þá kvaddi Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins sér hljóðs þar sem hún vildi koma á framfæri þakklæti til starfsmanna félagsins ásamt þeirri ákvörðun hennar að láta af stöfum að ári liðnu. [Sjá fylgiskjal](#)

Að lokum sleit hún þinginu kl. 15.53

Ritarar: Jakobína Rut Daníelsdóttir og Sigurlaug Hrafnkelsdóttir.